

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Ferjubakki 2, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ferjubakka 2. Breytingin tekur til færslu og stækkunar byggingarreits bílageymslu, hámarksbyggingarmagn bílageymslu er aukið úr 80 m² í 100 m² ásamt hliðrun byggingarreits íbúðarhúss Ferjubakka 2. Á austurhluta skipulagssvæðis er stofnuð ný lóð Ferjubakki 2 – Miðbæjarklettur, sú lóð er tekin úr landi Ferjubakka 2 – Miðbær.

Á gildandi skipulagsupprætti eru reitir bygginga sem fyrirhugað var að fjarlægja. Búið er að fjarlægja þær byggingar og þar með eru reitirnir teknir út af upprætti. Nöfn á íbúðarhúsum eru uppfærð á upprætti, Miðbær 2 og Ferjubakki 2. Fyrirhuguð breyting er í samræmi við aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022. Málsmeðferð verði skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 8. apríl 2019.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. apríl 2019